



Alþingi
Erindi nr. P 131/929
komudagur 2.3.2005

Reykjavík
1. mars 2005

v/131. löggjafarþing
v/Þskj. 47,48 – 47,48. mál

Umsögn um frumvörp til laga frá Samtökum um kvennaathvarf

Um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002
og lögum um útlendinga nr. 96/2002

UMSÖGN

Umsögn Samtaka um Kvennaathvarf snýr að tillögu um breytingar á 15. gr. laga um útlendinga, en tillagan er eftirfarandi: „Víkja má frá skilyrði um tveggja ára hjúskap, staðfesta samvist eða skráða sambúð hér á landi ef rekja má skilnað, slit sambúðar eða samvistar til ofbeldis hins makans.“ Ennfremur snýr umsögnin að tillögu um breytingar á 11. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, en tillagan er eftirfarandi: „Heimilt er að víkja frá skilyrðum um tímalengd hjúskapar, samvistar eða sambúðar og lögheimilis ef rekja má skilnað að borði og sæng, lögskilnað, slit samvistar eða sambúðar til ofbeldis gagnvart erlenda makanum.“

Samtök um kvennaathvarf lýsa stuðningi við ofangreindar tillögur og hvetja til að þær verði samþykktar.

GREINARGERÐ MEÐ UMSÖGN

Í nýútgefinni ársskýrslu Samtaka um kvennaathvarf fyrir árið 2004 var sérstök áhersla lögð á að taka saman tölfræði um erlendar konur og hverjir það eru sem beita þær ofbeldi. Greint var á milli þeirra erlendu kvenna sem komu í dvöl annars vegar og í stuðningsviðtöl hins vegar. Niðurstöðurnar má sjá á meðfylgjandi töflum:

Hlutfall erlendra kvenna í dvöl og viðtölum

2002		2003		2004	
Dvöl	Viðtöl	Dvöl	Viðtöl	Dvöl	Viðtöl
22%	5%	38%	4%	30%	10%

Þjóðerni ofbeldismanna gagnvart erlendum konum

	2002	2003	2004
Íslenskir	58%	71%	58%
Erlendir	34%	18%	38%
Ekki vítað	8%	11%	4%



Eins og gjörla sést á ofangreindum tölum er hlutfall kvenna af erlendum uppruna sem leita dvalar í Kvennaathvarfmu ekki í nokkru samræmi við hlutfall þeirra hér á landi, en samkvæmt Hagstofu Íslands var hlutfall erlendra ríkisborgara af mannfjölda 3,5%. Þetta misræmi skýrist að einhverju leyti að því að erlendar konur hafa síður öryggisnet fjölskyldu og vina í kringum sig þegar í harðbakkann slær, og þurfa því í ríkari mæli að leita til Kvennaathvarfsins, en það skýrir varla allan þennan mun. Sömuleiðis höfum við vitneskju um að konur sem beittar eru ofbeldi, leiti síður aðstoðar vegna ótta við að vera vísað úr landi, en sá ótti er raunverulegur eins og löggjöfin er í dag. Dæmi eru um að ofbeldisfullir makar noti það sem hótun að konan verði send úr landi ef hún óski eftir skilnaði.

Ein birtingarmynd heimilisofbeldis er einangrun kvenna frá umheiminum en konur sem eru ókunnugar umhverfi og samfélagi eru viðkvæmari fyrir slíku ofbeldi. Jafnvel hafa erlendar konur komið í Kvennaathvarfið sem hafa verið hér á landi mánuðum eða árum saman án þess að geta gert sig skiljanlegar á íslensku. Þá hafa mennirnir séð um öll samskipti við umheiminn. Mikilvægt er, samhliða lagaendurskoðun, að finna fleti til að ná til þessara kvenna í gegnum heilbrigðis- eða félagsþjónustu.

Það væri mikil réttarbót fyrir konur af erlendum uppruna í ofbeldissamböndum ef þær tillögur sem lagðar eru fram í frumvörpunum næðu fram að ganga.